

FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur Norðurorku hf.

Númer fundar: 325

Dagsetning: 25. ágúst 2026

Fundartími: 08:15 – 9:25

Fundarstaður: Orkugarður - Fundarsalur 2. hæð

Fundarstjóri og ritari: Hlynur Jóhannsson og Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Stjórn

Hlynur Jóhannsson, formaður
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Sóley Björk Stefánsdóttir
Heimir Örn Árnason

Fjarverandi

Hilda Jana Gísladóttir

Starfsfólk

Eypór Björnsson, forstjóri
Gunnur Ýr Stefánsdóttir, sviðsstjóri
Kristín Brynjudóttir, fjármálastjóri

Gestir

Dagskrá fundar

1. 6 mánaða uppgjör
2. Lánamál Norðurorku hf. 2026
3. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar 2027
4. Eimur - styrkur
5. Arðgreiðsla
6. Erindi frá Grýtubakkahreppi vegna ábyrgða

Fundarstjóri setti fund og gengið var til dagskrár

1. 6 mánaða uppgjör

Fjármálastjóri fór yfir 6 mánaða uppgjör Norðurorku hf.. Rekstur er í góðu samræmi við áætlun ársins 2026. Hluti framkvæmda hefur dregist vegna skipulagsmála og þar af leiðandi hefur hluti fjárfestinga hliðrast fram á haustið.

Til kynningar.

2. Lánamál Norðurorku hf. 2026

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 kemur fram að Norðurorka þarf að taka lán að fjárhæð 300 millj. kr. til að fjármagna framkvæmdir, aðallega í hitaveitu og fráveitu. Forstjóri fór yfir málið og fjárförf fyrirtækisins.

Stjórn Norðurorku hf. samþykkir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga, allt að fjárhæð 300 millj. kr., til 30 ára. Lánið er tekið til að fjármagna framkvæmdir hitaveitu og fráveitu. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Eyþóri Björnssyni, 140865-5409, forstjóra Norðurorku hf., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess fyrir hönd Norðurorku hf. að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði, stendur einföld óskipt ábyrgð Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Svalbarðsstrandarhrepps og Þingeyjarsveitar, sbr. heimild í 2. mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélagið til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

3. Vísitala Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar 2027

Fjármálastjóri kynnti vísitölu Norðurorku vegna fjárhagsáætlunar 2027 og forsendur hennar.

Vísitölubreytingar: Á liðnum árum hefur verið notuð ákveðin aðferðafræði varðandi grunn til útreikninga á breytingum gjaldskráa komandi árs. Annars vegar er ársreikningur liðins árs brotinn niður og vægi rekstrarkostnaðar tengdur vísitölum; neysluverðsvísitölu, byggingavísitölu og launavísitölu. Einstakir liðir ársreiknings tengjast mismunandi vísitölu eftir því hvaða vísitala hefur mest áhrif á viðkomandi lið. Með þessu sjást áhrif vísitölubreytinga á rekstrarkostnað Norðurorku.

Verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands fyrir komandi ár eru skv. útgefnu riti Seðlabankans um peningamál 19. ágúst 2026.

Vísitala Norðurorku liðna 12 mánuði (júlí 2025 til júlí 2026) reiknast 5,1% og verðbólguþáttur Seðlabankans fyrir árið 2027 er 3,6%. Þessar prósentur vegnar saman til helminga eru 4,4% sem myndar grunn fjárhagsáætlunar 2027, bæði fyrir tekjur (gjaldskrárhækkunir) og annan rekstrarkostnað.

Launaáætlun hefur tekið mið af áætlun Seðlabanka Íslands um launahækkunir, en einnig hefur verið horft til kjarasamninga Norðurorku hf. og breytinga í stöðugildum. Spá Seðlabankans er 3,5% hækkun launakostnaðar 2027, en kjarasamningshækkun 1. janúar 2027 er 3,5% þannig að spáin gerir ekki ráð fyrir neinu svigrúmi umfram kjarasamningshækkunir. Niðurstaða stjórnar er því að gera ráð fyrir 4,5% hækkun launakostnaðar.

Fjármagnsliðir taka mið af áætlun Seðlabanka Íslands um verðbólgu 2027, eða 3,6%.

Afskriftir taka mið af fyrningaskýrslum og áætluðum fjárfestingum. Vísitölubreytingar hafa ekki áhrif á áætlun afskrifta.

Auk ofangreindrar aðferðafræði er nú, sem fyrr, einnig horft til rekstrar og áhrifa stórra verkefna sem Norðurorka hf. vinnur að. Þessi aðferðafræði hefur reynst vel og gefið raungóða mynd af áhrifum verðbreytinga á rekstur Norðurorku hf.

Til kynningar og samþykktar.

4. Eimur - styrkur

Fyrir liggja drög að nýjum samningi um Eim. Núgildandi samningur rennur út í lok árs 2026. Beðið er eftir ákvörðun frá Norðurorku um það hvort félagið heldur áfram að styrkja verkefnið. Styrkur til Eims hefur verið 15 millj. á ári.

Vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 þarf stjórn að taka ákvörðun um fjárupphæð í styrki og taka afstöðu til þess hvort Eimur verður styrktur áfram.

Stjórn samþykkir að styrkja Eim um 8 millj. kr. á ári á samningstímanum, þ.e. til þriggja ára, árin 2027-2029. Stjórn gerir kröfu um að ákvæði um mögulega útgöngu fyrir desember ár hvert verði í nýjum samning í samræmi við fyrri samning.

5. Arðgreiðsla

Umræður um arðgreiðslur. Vegna vinnu við fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 þurfa að liggja fyrir upplýsingar um hvort stjórn leggi til að greiddur verði út arður árið 2027 vegna ársins 2026.

Samþykkt að gera ekki ráð fyrir arðgreiðslu í áætlun ársins 2027.

6. Erindi frá Grýtubakkahreppi vegna ábyrgða

Grýtubakkahreppur hefur sent stjórn Norðurorku hf. erindi varðandi ábyrgðir vegna lántöku. Virðist þar gæta ákveðins misskilnings af hálfu sveitarfélagsins. Lögð fram drög að svari til Grýtubakkahrepps til umræðu á fundinum.

Forstjóra falið að svara erindi Grýtubakkahrepps í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:25